

LJÓÐAFLÓÐ!

LJÓÐASAMKEPPNI GRUNNSKÓLANEMA 2025

Úrval ljóða frá unglingastigi:

Nóttin

Í kyrrð nætur
dansar vindurinn
við gluggann minn.
Stjörnurnar hvísla
þöglum sögum
um ótal vegi ljóssins
og hjartað mitt hlustar.

Elvar Orri Þorsteinsson, 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Haustið

Stóra tréð í garðinum
dansar með vindinum.
Húsið stendur stjarft
og starir fram dalinn.

Laufin hlaupa eftir gangstéttinni
í kapphlaupi lífs síns.
Bíllinn stendur í rigningu
eins og týndur unglingur.

Vindurinn blæs fánanum
á fánastönginni litlu.
Svona er haustið
vindurinn dansar, hleypur og starir.

Þórunn Eyland Gunnarsdóttir, 10. bekk Hvolsskóla

Hver er ég?

Ég er allar myndir sem ég hef horft á,
allar bækur sem ég hef lesið
og allar manneskjur sem ég elska mest.
Ég er partur af þeim og þau eru partur af mér.
Ég er sólarljósið á morgnana
og dimman á kvöldin.
Ég er uppáhalds ilmvatnið mitt
sem minnir mig á mömmu mína.
Ég er litla stelpa
sem aldrei þurfti að hafa áhyggjur af
og ég er unglingurinn
sem alltaf þarf að hafa áhyggjur af.
Mig langar að gera allt og ekkert á sama tíma.
Mig langar heim en ég veit ekki hvar það er lengur.

Fannís Lilja Lárusdóttir, 10. bekk Hvolsskóla

Spegilmynd

Ég lít í spegilinn og sé stelpu,
stelpu sem er með mitt hár,
mitt andlit og mitt nef.
Mínar tennur og mín augu.
Hún lítur út eins og ég en er það ekki.
Hennar hugur er ekki helvíti
sem étur hana að innan.
Líkami hennar er ekki eitthvað
sem hún vildi að hún gæti skriðið úr.
Hún elskar sjálfa sig og alla í kringum hana.
Ég vildi að ég væri hún.

Fannís Lilja Lárusdóttir, 10. bekk Hvolsskóla

Dropar í hafi

Dropi í hafi er líka haf í dropa, fólk er bara dropar,
dropar í hafi en líka haf í dropa.
Haf tilfinninga inni í einum dropa.
Haf ímyndunar inni í einum dropa.
Haf sigra inni í einum dropa.
Haf mistaka inni í einum dropa.
Flestir dropar eru í sjónum,
aðrir dropar leynast í ánum
og sumir bara í litlum pollum.
Af hverju mega þeir ekki velja?
Af hverju þurfa þeir þar að dvelja?
Þar sem rigningarskýin velja.
Af hverju mega þeir ekki velja?
Bláir, grænir, sumir gagnsæir.
Allir með sinn tilgang.
Allir með sín verk.
Sumir lifa, aðrir deyja
og sumir voru fæddir
til þess eins að berast með straumnum.
En nokkrir, þó fáir berjast á móti,
ennþá fleiri lenda á grjóti.
Splundrast þá í minni dropa
eða inni í helli hopa.

Unnur Kristín Sigurðardóttir, 10. bekk Hvolsskóla

Ró og kyrrð

Ég geng rólega um morguninn og hlusta á vindinn.
Dagurinn lofar engu en gefur samt von.
Ég veit samt að þetta líf hefur endalok.
Í kyrrðinni finn ég styrk og leyfi huganum að hvíla sig.
Skref mín verða léttari þegar ég treysti augnablikinu.
Það er sérstaklega þegar ég er með mínu uppáhalds fólki og ættingjum.

Elimar Elvarsson, 9. bekk Hvolsskóla

Morgunlogn

Ég vakna einn morgun snemma,
langar ekki fram.
Kenndir mínar hringsóla og berjast undir sveittri sænginni.
Ég hugsa um þig
og allt verður svart.
Ég gleymi aldrei stundunum sem við áttum saman.
Að lokum kemur logn,
ég róast.
Hugsanir mínar sefast
og að lokum,
hef ég manndóm í að stíga á fætur,
inn í daginn.

Eggert Orri Pálsson, 9. bekk Hvolsskóla

Söknuður

Vorum saman í tvö ár
sem líða nú eins og illa gróið sár.
Gekk fram hjá þínum glugga
og sá þar skugga.
Skugga sem var ekki bara af þér,
ég sem hélt að þú værir fallinn fyrir mér.
Er þetta sú sama?
Sú sama og var þegar við vorum að kynnast?
Gerði ég hana afbrýðisama?
Þurfti hún að vera viss um að við myndum tortímast?
Svaf hún við hlið þér?
Hliðinni á rúminu sem tilheyrði mér.

Bryndís Halla Ólafsdóttir, 10. bekk Hvolsskóla

Bruni

Finn augu þín á mér,
hvert sem ég fer.
Gagnrýnin augun á þér,
brenna húðina á mér.
Hvernig ég tala og mig hreyfi,
líður eins og ekkert megi gera án þíns leyfi.
Mér líður eins og þú hatir mig,
veit ekki hvað ég gerði til þess að særa þig.
Reyni að þóknast þér með kvíðahnút,
þangað til að þú brennir mig út.

Bryndís Halla Ólafsdóttir, 10. bekk Hvolsskóla

Útskrift

Saman í 10 ár.
Orðin ferlega klár.
Hvert liggja leiðir okkar?
Þær verða þó nokkrar.
Sumir ennþá saman verða,
en aðrir halda sinna ferða.
Gleði, leiði, ótti, kvíði,
öll við stóðum í því stríði.
Við kveðjumst nú en vonum þó,
að vinskap höldum gegnum lífsins ólgusjó .

Úlfhildur Vaka Pétursdóttir, 10.bekk Hvolsskóla

Alltaf saman

Við hlæjum svo mikið
að maginn krumpast.
Síðan sitjum við þögul
og deilum tárum.
Þú veist allt um mig,
ég veit allt um þig.
Og samt finnst okkur alltaf
eins og heimurinn sé fullur af hlutum sem við getum leyst saman.
Við ólumst upp hlið við hlið,
og horfðum á hvort annað vaxa.
Árin liðu og við breyttumst,
en samt héldum við fast í hvort annað.

Hólmfríður Dögg Magnúsdóttir, 10.bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Kleifarnar

Kleifarnar, klettarnir sem halda minningar. Allir hlæjandi og ekkert stress nema nokkrir geitungar, hér og þar engin hljóð. Engin læti bara náttúran, talar hátt og skýrt, fuglar fljúgandi. Kindur jarmandi en þennan stað mun ég alltaf elska. Ef ég gæti farið til baka.

Óðinn Arnar Jónsson, 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Vinátta

Vinátta lifir í hlátri og þögn,
hlýjum orðum á gráum degi.
Hjarta við hjarta, hönd við hönd
heimur sem verður aðeins betri
með þig mér við hlið.

Sóley Birna Arnarsdóttir, 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Sveitasælan

Að búa í sveit er það allra besta,
að leggja hönd á plóg og hjálp til.
Maður finnur hamingju á meðal hesta,
er maður situr hjá þeim og týnir fífil.

Kindurnar jarma sælar,
bíta gras undir sólskini.
Hæurnar vappa um, friðsælar,
leika sér úti sem og inni.

Hundarnir þeytast um, hlaupa í hringi,
geltandi eins og óðir á eftir ánum.
Fuglarnir fylgjast með, á sínu þingi
syngjandi ótt og títt í trjánum.

Þóranna Martha Pálmadóttir, 10. bekk Húnaskóla

Eins og hún

Hún er svo fín
falleg og sólbrún
föt flottari en mín
hví er ég ekki eins og hún

Hár svo slétt
veit alltaf hvað á að segja
fyrir henni er allt svo létt
hví er ég ekki eins og hún

en enginn veit
hvað er bakvið brosið
óörugg stelpa
og heimili brotið.

Ylfa Björk Sindradóttir, 9. bekk Hlíðaskóla

Tímaþröng

Ég er ungur, hraustur og glaðvær.
Klukkan slær.
Ég djamma meðan borgin dvelur.
Klukkan telur.
Ég horfi í spegil, fullt af hrukkum,
draumar mínir lifa af klukkum.
Ég verð eldri borgari eftir korter
af því tíminn rennur úr greipum mér.

Bjarni Bergþórsson, 9. bekk Hlíðaskóla

Lítill mús

Er ég geng inn í mitt hús
sé ég þar litla mús
en hún er ekki fús
að fara í sitt eigið hús

en kannski er samastaður hennar fjós
þar sem fyrirfinnst ekkert ljós
hvað ef hún lætur saur sinn í dós
þá mun ég aldeilis veita henni hrós.

Stefán A., 9. bekk Hlíðaskóla

Diskókúla

Ég er eins og diskókúla
Mér líður best þegar ég er hátt uppi
Allir horfa með aðdáun á hvernig ég glitra í ljósi
en það er ekki alltaf eins
því allar veislur þurfa að enda

Með engu ljósi er ég bara kúla
en engin skemmtun finnst í því

Til þess að ég sé falleg
þarf skæra ljósið að vísa mér veg

Ísabella Kjartansdóttir, 9. bekk Hlíðaskóla

Dala drengur

Hann er hár sem tré og fagur sem fjall.
Hann er líkur sumrinu, hlýr og fagur,
með augu jafn fögur og Flókadalsá.
Og bros jafn skært og sólin,
hárið jafn loðið og lamb
og rödd jafn fagra og vindurinn á milli trjáanna.

Heiðdís Guðrún Jóhannsdóttir, 8. bekk Grunnskóla Borgarfjarðar

Við byrjum öll sem ungabörn,
ekki vitandi neitt.
Lífi foreldra okkar er breytt.
Svo verðum við stærri
en okkur finnst við vera smærri.
Á einhverjum tímapunkti í lífinu,
hvort sem það er þegar að einhver segir eitthvað
eða við byrjum að bera okkur saman við aðra,
finnst okkur við vera ljót.
Gæti verið nafið eða auga,
það að við séum með ójafnar augabrunir
eða of skæra bauga.
Við erum aldrei eins og við viljum,
það er alltaf eitthvað sem að vantar.
Þegar að við horfum í spegil eða myndavél sjáum við bara þessa eiginleika.
Ekki hverju við erum góð í eða hvað við eigum nú þegar.
Bara það sem vantar.
Alltaf það sem vantar.
Það er eins og útlitið sé það eina sem skipti máli
en það er alltaf einhverjum sem að finnst þú vera ljót.
Alveg sama hvað þú malar þig mikið eða hvað þú ferð mikið í ræktina.
Alveg sama hvort þú sért góð manneskja, fyndin, skemmtileg, klár.
Þú gætir alltaf verið með betra hár.
En svo líða mörg mörg ár.
Kannski áttu börn, hefur fengið háskólagráðu eða farið til fjalla
og þá líturðu aftur í spegilinn og í fyrsta sinn sérðu ekki galla.
Þú sérð litla barnið sem þú einu sinni sást
og í þetta sinn er hjartað fullt af ást.
Loks munum við deyja
og þá mun fólk ekki sjá bara útlitið
heldur hláturinn, kannski jafnvel grátinn þinn
Allar góðu minningarnar um þig.
Útlitið skipti í raun aldrei máli.

Fríða Rakel Valsdóttir, 10. bekk Álfhólsskóla